

fulla greiðslu skuldar sinnar af andvirði veðsins, snerta hvorki stofnun nje vernd veðrjettarins, heldur innihald hans. En einnig spurningunni um það, hvort reglur þessar snerti eigi stofnun eignarrjettarins, verður að álitu uppboðsrjettarins, að svara neitandi. Þegar fasteign er lögð út, er uppboðinu hætt sem árangurslausu og veðhafinn fær engan eignarrjett yfir veðinu við uppboðið. Réttur slíks veðhafa til þess að fá veðið útlagt á því verði, sem hæst er boðið, byggist því á innihaldi veðrjettarins í fasteign, en um innihald veðrjettarins í skipinu gilda, eins og tekið hefir verið fram, reglurnar um innihald veðrjettar í lausafje, en veðrjettur í því heimilar veðhafa engan frekari rjett til að verða eigandi veðsins, en hverjum öðrum, sem á uppboði býður í það.

Rjetturinn fær því ekki sjeð, að veðhafi í skipum eigi rjett á að fá þau útlögð eftir sömu reglum og gilda um veðhafa í fasteignum að því er þær snertir, og verður framangreind krafa Lárusar Fjeldsted hrmflm. f. h. Íslandsbanka því ekki tekin til greina.

Mánudaginn 27. nóv. 1922.

Nr. 46/1922.

Rjettvísín

(Sigurður Sigurðsson)

gegn

Lárusi Óskari Frímannssyni

(Jón Ásbjörnsson)

og

Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni

(L. Fjeldsted).

Sauðapjófnaðarmál.

Dómur aukarjettar Húnavatnssýslu 3. júní 1922: Ákærði Lárus Óskar Frímannsson sæti 15 — fimtán — mánaða betrunarhúsvinnu. — Ákærði Gunnlaugur Friðrik Sig-

urðsson sæti 10 — tíu — mánaða betrunarhúsvinnu. — Ákærði Lárus greiði, auk varðhaldskostnaðar síns, $\frac{3}{5}$ hluta af öllum af málinu leiðandi kostnaði og $\frac{2}{5}$ hluta af sama kostnaði in solidum með ákærða Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni, svo og 20 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns prests Pálssonar. — Ákærði Gunnlaugur greiði, auk varðhaldskostnaðar síns, $\frac{2}{5}$ hluta af öllum af málinu leiðandi kostnaði in solidum með Lárusi og 20 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Björns hreppstjóra Árnasonar. — Svo greiði ákærðu in solidum iðgjöld þessum mönnum: Jóninu Jónsdóttur frá Höfnum 38 kr., Árna Á. Guðmundssyni, bónda í Vikum, 81 kr., Karli Árnasyni, Vikum, 38 kr., Guðmundi Árnasyni, Vikum, 55 kr., Gunnari Eggertssyni, Hafragili, 65 kr., Ragnari Guðmundssyni, Flankastöðum, 26 kr., Símoni Klemenssyni, Kambakoti, 50 kr., Pjetri Jónssyni, Hofi, 81 kr. Sigurði Árnasyni, Höfnum, 25 kr. og Carl Berndsen, Spákonufelli, 65 kr.

Hið íðæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt prófunum hefir ákærði Lárus Frimannsson verið einn um það, að kasta eign sinni á gimbur Ásmundar Árnasonar í Ásbúðum og dilká Ingibjargar Friðriksdóttur í Ytriey. Um dilkána er þess getið, að hún hafi »komið fyrir í fje« ákærða í fjárhúsi hans, og hafi hann þá afmarkað ána. Verður að skilja þetta orðalag svo, sem sú tiltekt ákærða heyri undir 250, gr. hegningarlaganna. Hinsvegar er ekkert upplýst um það, hvernig gimbur Ásmundar hefir komist í vörslur ákærða, og verður því, eins og á stóð, einnig að heimfæra það brot ákærða undir sömu grein.

Að öðru leyti má telja það sannað, að ákærði Lárus Frimannsson og ákærði Gunnlaugur Sigurðsson, þáverandi vinnumaður Lárusar, hafi, eftir fyrirfram samanteknu ráði og í sameiginlegu hagsmunaskyni,

kastað eign sinni á kindur þær allar, 18 að tölu, sem ræðir um í prófunum, enda báðir unnið saman að hinum saknæma verknaði. En verknaði ákærðu og aðstæðum er í prófunum lýst á þá leið, að kindur þessar hafi allar »komið fyrir í fje« ákærða Lárusar Frimannssonar, sumpart í fjárhúsum hans og sumpart annarstaðar, og ákærðu báðir þá jafnframt eða upp úr því afmarkað kindurnar, ýmist undir mark annars eða hins. En að svo vöxnu máli verður, samkvæmt því sem áður segir, og að heimfæra þessi brot hinna ákærðu undir fyrnefnda grein hegningarlaganna, sbr. 55. gr.

Hegning hvors um sig þykir eftir öllum atvikum hæfilega metin, svo sem gjört er í aukarjettardómnum, 15 mánaða betrunarhússvinna fyrir Lárus og 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir Gunnlaug.

Um málskostnað í hjerði og iðgjöld á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, að því undanteknu, að iðgjöld Gunnars Eggertssonar á Hafragili eiga að falla niður, með því að ekki sjest, að þeirra hafi verið krafist.

Málskostnað fyrir hæstarjetti eiga hinir ákærðu að greiða annar fyrir báða og báðir fyrir annan, þar með talin 200 kr. sóknarlaun til sækjanda og 100 kr. varnarlaun til hvors verjanda.

Um meðferð dómarans á rannsókninni er það aðfinningarvert, að eiður hefir að ófyrirsynju verið tekinn af þeim Ingibjörgu Friðriksdóttur, Sveinbirni Guðmundssyni og Guðmundi Júlíussyni, enda þótt Lárus hefði þá játað það brot, er eiður nefndra vitna átti við. Að öðru leyti athugast, að rannsóknin er sumstaðar eigi nægilega itarleg og að hún hefir framan af eigi verið verið rekin með nægilegum hraða.

Því dæmist rjett vera:

Akærði Lárus Frimannsson sæti 15 mánaða og akærði Gunnlaugur Sigurðsson 10 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjeraði og iðgjöld á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, að því undan skildu, að iðgjöld til Gunnars Eggertssonar falli niður.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði hinir akærðu annar fyrir báða og báðir fyrir annan, þar með talin 200 kr. til sækjanda, Sigurðar kand. juris Sigurðssonar, og 100 kr. til hvors verjanda, málaflutningsmannanna Jóns Ásbjörns-sonar og Lárusar Fjeldsted.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hjóða svo:

Í máli þessu, sem af rjettvisinnar hálfu er höfðað gegn Lárusi Óskari Frimannssyni, bónda á Tjörn, og Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni í Finnstaðanési, er það með eigin játningu hinna akærðu og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, löglega sannað, að þeir hafa í fjelagsskap gert sig seka í afbrotum þeim, er nú skal greina:

Seint í júní f. á. tóku hinir akærðu að ófrjálsu hvíta, veturgamla gimbur, eign ekkjufrú Jónínu Jónsdóttur frá Höfnum. — Kom kind þessi fyrir í smalamensku á Tjörn, heimili Lárusar, og var þá af akærðu afmörkuð undir mark Gunnlaugs. — Var kindinni slátrað í Kálfshamarsnesi síðastl. haust og lögð þar inn í reikning Gunnlaugs. Fyrir kind þessa, sem virt hefir verið á 38 kr., hefir verið krafist iðgjalds.

Skömmu síðar tóku akærðu að ófrjálsu hvíta, veturgamla gimbur, sem kom fyrir í smalamensku á Tjörn, tllheyrandi Jónatan Guðmundssyni, Spákonufelli, og afmörkuðu hana undir mark

Gunnlaugs. Kind þessari hefir verið skilað aftur eigandanum, sem ekki hefir gjört kröfu til skaðabóta. — Í sama mund tóku ákærðu einnig að ófrjálsu hvítan, veturgamlan hrút, tilheyrandi Árna Á. Guðmundssyni, Vikum, og hvíta, veturgamla gimbur, eign Karls Árnasonnar, sama bæ, en báðar þessar kindur höfðu komið fyrir í smalamensku á Tjörn um leið og kind Jónatans. Afmörkuðu ákærðu kindur þessar undir mark Lárusar. Var þeim báðum slátrað af ákærðu á Tjörn síðastl. haust og hagnýtti Lárus sjer afurðir þeirra. — Kindur þessar hafa hvor um sig verið virtar á 38 kr., og hafa eigendurnir krafist iðgjalda. — Um líkt leyti og ákærðu tileinkuðu sjer síðastnefndar 3 kindur, tóku þeir að ófrjálsu og afmörkuðu undir mark Lárusar hvíta á með lambi, er kom fyrir í smalamensku á Tjörn og sem var eign Guðmundar Árnasonar Vikum. Fjell ærin og lambið í hluta Lárusar og slátraði hann ánni heima á Tjörn síðastl. haust með aðstoð Gunnlaugs og hagnýtti sjer hana, en lambið afhenti hann Gunnlaugi í skiftum fyrir annað lamb, og var því slátrað sama haust á Skagaströnd og afurðir þess lagðar inn í reikning Gunnlaugs þar. Hefir ærin með lambinu verið virt á 55 kr. og iðgjalda krafist af eigandanum.

Nokkru síðar, að því er virðist, tóku ákærðu að ófrjálsu hvíta á með lambi, er kom fyrir í smalamensku á Tjörn, og sem var eign Gunnars Eggertssonar á Selnesi í Skagafjardarsýslu. Afmörkuðu þeir ána undir mark Lárusar, enda slátraði hann henni heima hjá sjer síðastl. haust með aðstoð Gunnlaugs og hagnýtti sjer afurðir hennar, en lambið, sem ákærðu afmörkuðu undir mark Gunnlaugs, hagnýtti Gunnlaugur sjer og ljet sama haust slátra í Kálfshamarsnesi. Rúði Lárus ána og hagnýtti sjer ullina af henni. Hefir ærin verið virt á 42 kr., en lambið á 23 kr.

Um síðastl. vorgöngur tóku ákærðu að ófrjálsu og afmörkuðu undir mark Lárusar 2 hvít lömb, eign Ragnars Guðmundssonar á Flankastöðum. Komu lömb þessi fyrir í smalamensku á Tjörn. Slátraði Lárus lömbunum heima á Tjörn síðastl. haust með aðstoð Gunnlaugs og hagnýtti sjer afurðir þeirra. Bæði lömbin hafa verið virt á 26 kr. og hefir iðgjalda verið krafist.

Í ágúst f. á. tóku ákærðu ennfremur að ófrjálsu á og lamb, er hafði komið fyrir í smalamensku á Tjörn, og sem var eign Símonar Klemenssonar, Kambakoti. Slátruðu þeir kindum þessum, er þeir hagnýttu sjer, að minsta kosti að miklu leyti, en hins vegar er ekki fyllilega upplýst, hve mikið hvor þeirra fjekk

af afurðum þeirra. Hefir ærin verið virt á 30 kr. en lambið á 20 kr., og hefir iðgjalda verið krafist. — Síðastl. haust tóku ákærðu sömul. að ófrjálsu hvíta geldá, sem kom fyrir á Tjörn, og sem var eign Árna Guðmundssonar, Vikum. Slátruðu þeir ánni heima á Tjörn um haustið og hagnýtti Lárus sjer hana. Kind þessi hefir verið virt á 43 kr. og iðgjalda verið krafist. — Um líkt leyti tóku ákærðu ennfremur að ófrjálsu veturgamla gimbur, er kom fyrir á Tjörn, og lóguðu henni þar heima. — Kind þessi, sem hefir verið virt á 38 kr., var eign Pjeturs Jónssonar á Hofi. — Í sama mund tóku þeir einnig að ófrjálsu frá sama kollótta á, er var slátrað heima á Tjörn. Hefir ærin verið virt á 43 kr. Ákærðu hagnýttu sjer kindur þessar og hefir iðgjalda verið krafist fyrir þær. — Þá tóku ákærðu og að ófrjálsu um haustið hvítt lamb, tilheyrandi Sigurði Árnasyni í Höfnum og hvíta á með lambi, tilheyrandi Carl Berndsen, Spákonufelli. Komu þessar kindur fyrir á Tjörn. Slátruðu ákærðu kindunum heima á Tjörn og hagnýttu sjer. Lamb Sigurðar hefir verið virt á 25 kr., en ær Carls ásamt lambinu á 65 kr. Hefir iðgjalda verið krafist.

Allar hinar ofangreindu kindur hafa ákærðu tekið að ófrjálsu og lógað eða látið lóga. Það verður að teljast upplýst, að þeir hafi þegar í upphafi komið sjer saman um, að skifta afurðum kindanna eða andvirði þeirra jafnt milli sín, en Lárus virðist þó hafa fengið meira en Gunnlaugur.

Það er með eigin játningu Lárusar og öðrum skýrslum er fengnar hafa verið í málinu, löglega sannað, að hann haustið 1920 hefir tekið að ófrjálsu mórauða, veturgamla gimbur, eign Ingibjargar Friðriksdóttur, Ytríey. Hafði kind þessi komið fyrir í smalamensku á Tjörn og Lárus afmarkað hana, að minsta kosti að nokkru leyti. Kind þessari hefir verið skilað aftur eigandanum, sem ekki hefir gjört kröfu til skaðabóta. — Þá er ákærður Lárus ennfremur sakaður um það, að hafa vorið eða sumarið 1920 tekið að ófrjálsu og afmarkað undir sitt mark hvíta, veturgamla gimbur, tilheyrandi Ásmundi bónda Árnasyni í Ásbúðum. Ákærði hefir þó ekki viljað játa á sig afbrot þetta. En samkv. þeim skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu um þetta atriði, þar á meðal eiðfestum framburði tveggja vitna, virðist ekki verða komist hjá því að líta svo á, að lögfull sönnun sje fengin fyrir því, að Lárus hafi tekið tjæða kind að ófrjálsu og afmarkað sjer hana. Kind þessari hefir verið skilað aftur eiganda hennar, sem ekki hefir gjört kröfu til skaðabóta.

Ákærði Lárus Oskar Frímannsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot. Afbrot þau, er ákærði hefir gert sig sekan í, virðast heyra undir 231. gr. 1. málsl. og 250. gr. hegningarlaganna, sbr. við 48. gr. og 55. gr., og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhússvinna. Svo greiði ákærði, auk varðhaldskostnaðar síns, $\frac{3}{5}$ hluta af öllum af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnaði og $\frac{2}{5}$ af sama kostnaði in solidum með Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni, svo og 20 kr í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns prests Pálssonar.

Ákærði Gunnlaugur Friðrik Sigurðsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot. Afbrot þau, er hann hefir gjört sig sekan í, virðast heyra undir 250 gr. hegningarlaganna, sbr. við 48. og 55. gr., og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 58. gr. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhússvinna. Svo greiði ákærði, auk varðhaldskostnaðar síns, $\frac{2}{5}$ hluta alls af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnaðar in solidum með Lárusi Óskari Frímannssyni, og 20 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Björns hreppstjóra Árnasonar.

Svo greiði ákærðu in solidum iðgjöld þessum mönnum: Jónínu Jónsdóttur, ekkjufrú frá Höfnum, 38 kr., Árna Á. Guðmundssyni, bónda í Vikum, 81 kr., Karli Árnasyni, Vikum, 38 kr., Guðmundi Árnasyni, Vikum, 55 kr., Gunnari Eggertssyni, Hafra-gili, 65 kr., Ragnari Guðmundssyni, Flankastöðum, 26 kr., Símoni Klemenssyni, Kambakoti, 50 kr., Pjetri Jónssyni, Hofi, 81 kr., Sigurði Árnasyni, Höfnum, 25 kr. og Carl Berndsen, Spákonufelli, 65 kr. — Rekstur málsins hefir verið vítalaus.
